

ÁLFTABORG

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Innihald

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
2.1	Innra mat stjórnun.....	4
2.2	Ytra mat	5
2.3	Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023.....	8
3	Innra mat Seljaland.....	11
3.1	Innra mat Hlíðarhvammur	14
3.2	Innra mat Merkisteinn.....	18
3.3	Innra mat Lækjarhvammur	21
4	Innra mat sérkennslu.....	23
5	Innra mat – fjöltyngd börn	24
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	25
6.1	Starfsþróunarsamtöl.....	25
6.2	Námskeið og fyrirlestrar skólaárið 2021-2022	26
6.3	Starfsþróun 2022-2023.....	26
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	26
8	Foreldrasamvinna	27
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	27
10	Fylgigögn.....	27
10.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	27

Leiðarljós leikskólans: Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi.“

1 Greinargerð leikskólastjóra

Mikill partur skólaársins var ákveðnum takmörkunum háður vegna heimsfaraldursins. Honum hafa fylgt ákveðnar reglur sem við höfum brugðist við hverju sinni. Reglur sem Almannaþingi lögðu til miða við stöðu faraldursins á hverjum tíma fyrir sig. Þessi staða hafði áhrif á þátttöku foreldra í leikskólastarfinu og ákveðnar skorður fyrir starfsmenn og börn. Þrátt fyrir það var æðruleysi, skilningur og umhyggja í fyrirrúmi. Veikindi starfsmanna, foreldra og barna komu í bylgjum og höfðu í för með sér sóttkví og einangrun. Það reyndi mikið á fjölskyldur og starfsmenn, en í öllum tilvikum mættum við skilningi og virðingu, fyrir það erum við þakklát. Starfsmenn sýndu þolinmæði, skilning, kraft, seiglu og elju sem mikilvægt var á þessum tíma. Í upphafi skólaárs og fram á vorönn fóru foreldrar á mis við að geta fylgt börnum sínum inn á deild, vegna takmarkana. Það var leitað allra leiða til að upplýsa og eiga gott foreldrasamstarf. Í febrúar leyndi gleðin sér ekki hjá foreldrum, starfsmönnum og börnum þegar opnað var á „eðlilegt leikskólalíf“. Foreldrar komu inn á deild og opnað var milli kjarnanna. Eins og gefur að skilja í árferði eins og þessu hefur ekki verið unnt að gera alla þá hluti sem til stóð, ekki á þann hátt sem við lögðum upp með. *Ég vil hrósa starfsmönnum fyrir lausnamiðað starf þennan erfiða tíma og foreldrum fyrir góða samvinnu.*

Í Álfaborg er góður, stöðugur kjarni og mikill mannauður. Í byrjun skólaársins 2021-2022 var skólinn fullmannaður og hægt var að taka inn öll börn sem höfðu fengið úthlutað pláss. Aðlögun var frekar hröð þetta haustið en gekk almennt vel. Fimm starfsmenn fóru í veikindaleyfi sem stóð meira en í mánuð frá október til desember 2021, tveir þeirra eru enn í veikindaleyfi.

Starfið fór af stað með lífsleikni, vinaverkefni Barnaheilla, fjölmenningu, bókaorminum umhverfismennt og þróunarverkefninu „Læsi lykill að heiminum“, tengt menntastefnu Reykjavíkurborgar. Í lífsleikininni var unnið markvisst með kurteisi, hjálpssemi, þolinmæði og hófsemi. Í fjölmenningu var unnið með þjóðlönd þeirra barna sem eru innan skólans. Hver deild vann með þau þjóðerni sem eru á deildinni. Yfirleitt hafa foreldrar komið og kynnt upprunaland sitt en vegna COVID var það ekki.

Í læsis verkefninu „Bókaormurinn“ var unnið á annarri eldri deildinni með „Sigurfljóð í grænum hveli“ eftir Sigrúnu Eldjárn en á hinni deildinni komu börnin með bækur að heiman. Unnið var á yngri deildum með „Emmu og litla bróðir“ eftir Gunnila Wolde. Bækurnar voru tengdar við Vináttuverkefni Barnaheilla, dygðum leikskólans og þróunarverkefni okkar „Læsi lykill að heiminum“. Börnin fá bækurnar heim og foreldrar lesa fyrir þau og skrá síðan upplifun og frásögn barnanna í þar til gerða bók. Við tókum inn kennslufnið „Lubbi finnur málbein“ í tengslum við „Læsi lykill að heiminum.“ og hefur það verkefnið notið mikilla vinsælda meðal barna og foreldra. Þar eru bækurnar sem börnin hafa lesið heima orðnar svo margar að þær þekja stórt svæði eins og sjá má á mynd hér að neðan.

Umhverfismennt kemur æ sterkari inn og hefur mikil vitundar vakning orðið hjá börnum og starfsmönnum. Markmiðið var að vinna með „hvað verður um það sem við flokkum“ og hugtök sem tengd eru umræðu um umhverfismál, *huga að því sem við getum gert en ekki hvað er búið að gera.* Mikil ræktun var í gangi og unnið með hringrás nýtingar og endurvinnslu, einnig var unnið með hugtök sem tengjast umhverfismálum.

Unnið var áfram með félagsfærni, sjálfsefningu, sköpun og læsi sem eru leiðarljós í framtíðarsýn Reykjavíkurborgar „LÁTUM DRAUMANA RÆTAST“.

Að lokum viljum við þakka starfsmönnum okkar fyrir mikla seiglu og dugnað. Þeir unnu eins vel og hægt var miðað við takmarkanir og erum við stolt af því hversu vel þeim tókst að hugsa lausnamiðað, bregðast við með stuttum fyrirvara og vera alltaf til staðar.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Í foreldrakönnun okkar sem var í formi spurningalista kom eftirfarandi fram. Almennt voru foreldrar ánægðir með faglega starfið og stóðst það væntingar þeirra. Verkefnin væru fjölbreytt og góður undirbúningur fyrir grunnskólann. Einnig kom fram að börnunum liði vel og vel væri fylgst með þroska þeirra. Foreldrar voru ánægðir með hversu vel væri unnið með hreyfingu og málörvun, tilfinningar, félagsfærni, sjálfstraust og að börnin lærðu góð gildi og jákvæð samskipti. Tekið sé tillit til mismunandi þroska og unnið vel með styrkleika barnanna. Í skólanum væri góður andi og gleði sem skilar sér til barnanna.

Foreldrum finnst þeir vel upplýstir um starfið og aðgengi að kennurum gott. Samskipti eru góð og deildarstjórar alltaf til taks. Foreldrar upplifa að þeir þurfi ekki að bera sig eftir upplýsingum því upplýsingagjöf sé góð, í formi föstudagspósta, smáskilaboða og daglegra samskipta. Samskipti við stjórnendur og starfsmenn eru góð að mati foreldra og gott að tala við okkur.

2.1 Innra mat stjórnun

Leikskólabragur	Í starfsþróunar-samtölum í formi spurninga. Á starfsdegi að segja eina setningu um vinnustaðinn.	Starfsmenn.	Bein og góð samskipti eru á milli starfsmanna og getur fólk talað saman með virðingu ef eitthvað kemur upp á. Gagnkvæm virðing ríkir í leikskólanum og er vinnuumhverfi gott og kærleiksríkt og hér ríkir eining og samstaða. Stutt er í húmor og gleði, og jákvætt viðhorf. Starfsmenn upplifa þakklæti fyrir að vera hluti af þessu samfélagi. Tækifæri til umbóta: Gera matsform þar sem starfsmenn fylla í tvisvar á ári og meta samskipti sín við aðra.
Mannauður	Í starfsþróunar-samtölum	Starfsmenn.	Deildarstjórar og stjórnendur eru skilningsríkir, sveigjanlegir og styðja við starfsmenn. Þeir eru líka duglegir að finna hæfileika hvers og eins og nýta mannauðinn og þekkingu starfsmanna m.a. með því að starfsmenn haldi kynningar og fyrirlestra á

			skipulagsdögum og að starfsmenn fá aukna ábyrgð.
Uppeldis- og menntunarstarf. Læsi þróunarverkefni í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar „Lubbi finnur málbein“.	Spurninga-könnun og samtöl.	Starfsmenn, foreldrar og elstu börnin.	Mikil ánægja er með verkefnið „Lubbi finnur málbein“ meðal foreldra. Þeim finnst verkefnið gott framtak sem ýtir undir orðaforða og eykur lestur heima. Börnin hefðu orðið meiri áhuga á að lesa bækur og skoða stafi og hafi lært stafi og hljóð á mjög stuttum tíma. Verkefnið væri áhugavert, fjölbreytt og hentar yngsta aldurshópnum. Viðtöl voru tekin við elstu börn og fannst þeim Lubba lögin og sögurnar skemmtilegar. Þau höfðu lært marga stafi og málhljóð og svo var líka gott að knúsa hann sögðu þau. Starfsmannakönnunin bendir til að mjög vel hafi gengið að innleiða „Lubbi finnur málbein“ og hafi skilað góðum árangri í barnahópnum. Þau séu farin að tileinka sér hljóðin með tákni. Að meðaltali er unnið með námsefnið 3 sinnum í viku í leikskólanum. Foreldrum af erlendum uppruna fannst erfitt að skilja út á hvað verkefnið gengur og þurfum við að ná betur til þeirra.

2.2 Ytra mat

Betri vinnutími/stytting	Rafræn Könnu á vegum SFS	Starfsmenn	Starfsmenn eru ánægðir með styttinguna, en finnst erfitt að framfylgja tímanum og fara af deild. Skoða þarf skipulag og
---------------------------------	--------------------------	------------	---

			finna út hvað hentar hverri deild enn betur.
COVID	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Starfsmenn sýndu styrk og elju í þessum aðstæðum sem enginn réði við. Þetta var samt starfsmönnum erfitt margir veiktust og hömlur voru miklar skiljanlega. Við höldum áfram að spritta og passa okkar persónulegu varnir og vinna að andlegu hliðinni því svona faraldur hefur áhrif á alla.
Fræðsla og þjálfun	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Við höfum nýtt okkur mannauðinn í fræðsluerindum í skólanum í vetur, þ.a.m. Fyrirlestur um tilfinningar barna og leik ungra barna. Við gátum ekki af skiljanlegum ástæðum sinnt þessum þætti eins vel og við vildum. Stefnum að fleiri námskeiðum á næsta skólaári.
Hæfilegt vinnuálag	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Vinnuálagið var mikið og skiljanlegt sem hafði gífurleg áhrif á starfsmenn. Ákveðin reynsla átti sér einnig stað sem við höfum lært á erfiðan máta. Markmiðið er alltaf að hafa hæfilegt álag bæði líkamlegt og andlegt.
Líðan og álag	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Líðan og álag helst í hendur við síðasta þátt. Álagið er mikið og líðanin eftir því. Markmiðið er að skipuleggja en betur skipulag innan deilda hvað varðar undirbúning,

			vinnustyttingu og hluta starfsfólk.
Starfsandi/Starfsánægja	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Starfsandinn og starfsánægjan er góð. Unnið hefur verið að því í vetur að auka það, ekki síður vegna ytri skilyrða sem ekki var í okkar hendi að ráða við. Höldum áfram á sömu braut með styrkingu, hugmyndum og virðingu fyrir starfsmönnum.
Stjórnun	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Stjórnendur hafa unnið vel saman og lagt sig fram um að gæta að líkamlegri og andlegri heilsu starfsmanna. Við munum festa skipulag funda meira í sessi.
Sveigjanleiki og tilgangur í starfi	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Þessum þáttum er lagt mikið upp úr og er niðurstaða þeirra eftir því. Við munum halda áfram á þeirri leið og auka þennan þátt enn frekar.
Upplýsingaflæði	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Upplýsingaflæði er gott í skólanum. Við munum hvetja starfsfólk til að vera meira ábyrgt fyrir því að afla sér upplýsinga.
Vellíðan, hugarfar grósku	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Þetta kemur inn í þætti sem eru hér að ofan. Við hvetjum starfsmenn til að taka ábyrgð á eigin viðhorfi og líðan. Stuðlum enn frekar að sjálfsskoðun og ýtum undir áhuga starfsmanna og

			öflum tengingu milli starfsmanna og barna.
Viðurkenning	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Starfsmenn upplifa að fá viðurkenningu í starfinu á einn eða anna hátt, eins og með ábyrgð, hrósi, trausti.... Við munum vinna áfram að styðja starfsmenn í starfi og hrósa hvort öðru
Vinnuaðstaða	Rafræn könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Að mati starfsmanna er vinnuaðstaðan að mörgu leiti góð. Til að gera hana betri hafa verið keyptir m.a. stólar sem eiga auðvelda starfsmönnum starfið. Húsnæðið gerir okkur stundum erfitt fyrir. Við erum með fundi og ræðum um hvernig og hvað við getum best gert í stöðunni. Í COVID var vinnuaðstaðan erfið og það hefur án efa áhrif á niðurstöðu svaranna.

2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Stjórnun							
Deildarstjórar á matsnámskeið	Eflist í og öðlist enn frekar öryggi og færni í að gera innra mat.	Seinni hluti matnámskeiðs "Hvernig gengur innra mat í leikskóla".	Leik- og aðstoðar leikskóla stjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Með samtölum, og könnun um hvernig tekist hefur til.	Viðmið er að deildarstjórar meti 3 þætti yfir veturinn í samskiptum starfsmanna og barna og sín á milli.

Ná til foreldra af erlendum uppruna.	Foreldrar af erlendum uppruna hafi jöfn tækifæri og aðrir til að skilja áherslur skólans og fylgjast með faglega starfinu.	Þýða fagbréf með áherslum okkar á nokkur tungumál.	Stjórn-endur.	Sept. 2022	Maí 2023	Samtöl við erlenda foreldra og könnun fyrir starfsmenn.	Að foreldrar af erlendum uppruna hafi fengið upplýsingar á tungumáli sem þeir skilja á áherslunum skólans
Uppeldis- og menntastarf							
Markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið	Markmiðin verði sýnilegri og allir hafi sama skilning á þeim.	Rætt á deildarstjórafundum með matslistum og skráningu m.	Stjórnendateymi leikskólans.	Sept. 2022	maí 2023	Umræður og svörun spurningalista á skipulagsdögum.	Gerð langtíma áætlun um mat og efni skólanámskrár metið.
Skólanámskrá endurmetin m.a út frá menntastefnu Reykjavíkurborg.	Flétta menntastefnu Reykjavíkurborgar inn í okkar áherslur.	Allir starfsmenn skólans koma að endurskoðun. Á starfsdögum og deildarfundum.	Leikskól astjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	Sept. 2022	Maí 2023		Verði komin ný námskrá á.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Samskipti í leikskólanum.	Stefnum að jákvæðum og ábyrgum sam-	Hver og einn skoði sín samskipti út frá ákveðnu	Leikskóla- og aðstoðar leikskólastjóri.	Sept. 2022	Maí 2023	Með spurningalistum, samtölum og könnunum.	Starfsmenn verði ábyrgir fyrir sam-

	skiptum	formi sem skilað verður inn tvisvar á ári.					skiptum sínum við aðra.
Innra mat							
Gera matsáætlun innra mat til 3 ára.	Innra mat verði gert tvisvar á ári.	Gert á fundum á hausti og vori.	Stjórn-endur	2022	2024	Matslistar, kannanir og samtöl.	Festa innra mat í sessi.

3 Innra mat Seljaland

Innra mat

Starfið á Seljalandi á haustönn var mjög erfitt vegna óvenju mikilla hegðunarörðugleika nokkurra barna. Þetta setti mark sitt á starf og líðan barna og starfsfólks. Skipulagt starf gekk erfiðlega og starfsmenn þurftu að takast á við fordæmalausar aðstæður. Einnig fóru tveir starfsmenn í veikindaleyfi vegna aðstæðna sem setti einnig svip sinn á starfið. Þurfti því deildin að vinna öðruvísi að faglega starfinu og gat ekki sinnt því eins og við hefðum viljað. Á nýju ári var þó breyting á hópnum og andinn annar og var hægt að vinna með það sem var lagt upp með fyrir árið. Þegar starfið fór allt af stað með vorinu náðum við þeim markmiðum sem við settum okkur. Mun meira jafnvægi er á barnahópnum og eru öll börnin mun glaðari.



Sjálfsfærni barnsins	Unnið var með það markmið að þjálfa börnin í að gera sem flest sjálf, og biðja um aðstoð við þá hluti sem þau eiga erfiðara með. Mikil áhersla var á að styrkja börnin, hvetja þau og hrósa.	Allt starfsfólk sem og foreldrar.	Börnin kunna öll að klæða sig sjálf en sum þurfa smá aðstoð, eins og t.d. ef rennilásar eru stífir eða annað. Börnin eru byrjuð að leggja sjálf á borð og gengur það vel og sýna þau því áhuga. Þau ýta stólum að borði eftir mat og ganga frá diskum, glösum og hnífapörum. Öll börnin eru sjálfbjarga eftir salernisferðir.
Raddir barnanna heyrist.	Öll börnin hafa tækifæri til að tjá sig og á þau sé hlustað. Samverustundir eru notaðar til tjáskipta þar sem allir þeir sem vilja leggja orð í belg fá til þess tækifæri. Við höfum unnið með sköpun í gegnum myndlist, teikningu og sögugrunn. Söngur, leiklist	Allt starfsfólk	Börnin hafa eflst í að koma fram og tjá sig og koma með hugmyndir sem nýtast í starfinu. Börnin koma einnig komið með myndir í skólann þegar þau hafa eignast systkin eða annað merkilegt gerst í lífi þeirra og segja frá og sýna í samveru sem þeim þykir alltaf jafn skemmtilegt.

	og dans eru stór þáttur í starfinu. Mikið unnið með sögugrunn þar sem hvert barn fær að segja sögu eftir sínu eigin höfði. Börnin hafa sýnt áhuga á að hjálpa til og við allskonar verk, þrif, samveru og annað sem að kennarar hafa yfirleitt umsjón með.		
Heilbrigði	Vera dugleg að stunda hreyfingu með börnunum, bæði innan- og utandyra. Fara í Framsal og Víking, göngutúra o. s.frv. Einnig ræða við börnin um heilbriggt mataræði og tannvernd. Áhersla hefur verið á hreinlæti og handþvott meðal annars.	Allt starfsfólk	Börnin hafa sýnt áhuga á útivist og hreyfingu. Þeim finnst gaman að fara í allskonar leiki úti sem og inni. Framsalurinn var vel nýttur og hlakka börnin alltaf jafn mikið til að fara þangað. Maturinn mætti vera fjölbreyttari og hollari í leikskólanum en þau eru opin fyrir allskonar mat og dugleg að ræða um hollustu og mikilvægi að hugsa um hreinlæti.
Læsi	Unnið var með læsi á fjölbreyttan hátt. Lubba stundum, í samveru, sögugrunni og samtölum.	Allt starfsfólk	Samverustundir hafa verið nýttar til þess að lesa fyrir börnin og ræða síðan við þau bæði um söguna sjálfa og ýmis konar orð sem þau hafa ekki heyrt. Áhugi þeirra er orðinn mikill á tungumálinu og læsi. Einnig var unnið með læsi í hversdagslegum hlutum, samræður við matarborð, listsköpun og teikningum, frjálsum leik og svo mætti lengi telja. Með öllu því sem er gert þar hafa þau fengið tækifæri að bæta

orðaðforða sinn og tjá sig betur.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár, 2022 - 2023:

Sjálfstæði	Stefnum að því að gera börnin sjálfstæð, gera meiri kröfur í fataherbergi og við matarborðið. Kenna þeim að taka pláss og standa með sjálfum sér. Byrja að kenna þeim sjálfshjálp á salerninu.	Æfa þau í að gera sjálf og kenna þeim þegar þau þurfa á leiðsögn að halda. Vera dugleg að hvetja þau áfram en tilbúin að aðstoða þau sem þurfa hjálp. Hrósa þeim þegar gengur vel.	Ábyrgð allra starfsmanna.	Ágúst 2022	Maí 2023	Eftir getu barnanna, metum framfarir.	Vera orðin sjálfstæð og sjálfbjarga í vor. Samstarf við foreldra í þessu verkefni. Gæti gengið hægar að vinna að þessu ef foreldrar eru ekki með.
Heilbrigði	Stuðla að almennu heilbrigði barnanna, ýta undir þekkingu þeirra á heilbrigði.	Hreyfa okkur á hverjum degi, vera dugleg í útiveru og nýta okkur Framsalinn. Fara í gönguferðir, umhverfið. Kenna þeim um heilbrigðan lífsstíl og	Ábyrgð allir starfsmenn.	Ágúst 2022	Maí 2023	Fylgst með þátttöku og áhuga barnanna á hreyfistundum og mataræði. Sinna börnin hreinlæti og því sem er verið að kenna þeim?	Þekking barnanna og áhugi á heilbrigði, hreyfistundum og mikilvægi mataræðis hafi aukist. Áhugi á að fara samstarf við foreldra um að fara með börnin í

		mataræði og vera duglega að kenna þeim um hreinlæti líka. Hvetja þau að prófa nýja hluti og smakka allan mat.					göngu-ferðir og vera úti.
--	--	---	--	--	--	--	---------------------------

3.1 Innra mat Hlíðarhvamur

Starfið á Hlíðarhvammi 2021-2022 gekk mjög vel þrátt fyrir krefjandi vetur og blandaðan barnahóp, bæði fjölbreyttur aldur og mörg tvítyngd börn. Í starfsáætlun síðasta árs voru settir fram nokkrir megin þættir; læsi, tónlist, dans, umhverfi og útinám. Læsi var veigamikill þáttur í öllu starfi deildarinnar, þar sem það var þróunarverkefni okkar í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Vel gekk að auka tónlist og dans á deildinni, við bættum inn tónlistartímum í hópastarfið, sem fóru fram aðra hvora viku. Í þessum tímum var unnið með takt, hlustun, fræðst um hljóðfæri, dansað, hljóð greind og fleira. Einnig var mikið um tónlist og dans á deildinni sem stýrðist af áhuga barnanna. Útinámið fór vel af stað í haust með mörgum göngutúrum um hverfið og útiverkefnum. Hins vegar dró verulega úr því yfir vetrarmánuðina, en erum við að auka þá kennslu núna á vordögum í tengslum við þemaverkefni sem tengist bókinni „Sigurfljóð í grænum hveli“. Vel gekk að vinna með læsis verkefnið og var það unnið á fjölbreyttan hátt yfir allan veturinn og fléttaðist inn í alla þætti deildarinnar.



Aukin tónlist og dans	Á deildarfundum. var fylgst með þróun starfsins á myndum og myndböndum sem tekin voru í vetur. Fylgst var með áhuga, ánægju og árangri barnanna yfir veturinn.	Bæði starfsmenn deildarinnar og börnin.	<u>Styrkleikar:</u> Tónlistarstundir voru tvisvar sinnum á mánuði í hópastarfi. Unnið með takt, hljóð, dans, hlustun, hljóðfæri og fleira. Hlustuðum eftir áhuga barnanna og hvaða tónlist þau vildu hlusta á og vinna með. Mikill áhugi var fyrir Eurovision, Emil í Kattholti, Latabæ ásamt fleiru. Reglulega vorum við með danspartý á deildinni, fórum í stoppdans, stóladans og fleira skemmtilegt. Í tengslum við fjölmenningu hlustuðum við á tónlist frá því landi sem unnið var með og æfðum þjóðdansa. Í vor var byrjað að æfa dans sem á að sýna foreldrum á opnu húsi í sumar. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Í sambandi við tónlist og dans þá hefðum við getað sungið meira í samverustundum í vetur. Einnig hafði okkur dottið í hug að búa til eigin hljóðfæri sem við gerðum ekki. Það hefði verið gaman. Við hefðum getað skipulegt meiri danskennslu á deildinni og æft fleiri dansa yfir veturinn.
Aukin áhersla á umhverfið og útinám	Í samræðum við börnin og starfsfólk deildarinnar. Mikið var um myndaskráningu, frásagnir, sögugerð tengda ferðum og fleira. Fylgst með áhuga barnanna yfir veturinn og samræðum þeirra.	Bæði starfsmenn deildarinnar og börnin.	<u>Styrkleikar:</u> Farið var í marga göngutúra og ferðir um nærumhverfið, sem og í lengri ferðir með strætó og á söfn. Umræður um umhverfið, dýr, umhverfismál, mengun og sóun. Börnin sýndu umhverfinu og umhverfismálum mikinn áhuga og voru sérstaklega hrifin af bók um David Attenborough og umfjöllun um dýr. Við völdum bókina „Sigurfljóð í grænum hveli“ til þess að vinna með í vetur og senda heim með börnunum. Bókin tekur á umhverfismálum og passaði því vel inn í áherslur skólans/deildarinnar. Nú á vordögum byrjuðum við þema vinnu upp úr bókinni og er planið að undirbúa fræðslumyndband fyrir foreldra um umhverfið og umhverfismál. Við höfum einnig aukið við ferðir á vormánuðum og munum við gera meira af því í sumar og fræðast um blóm,

			plöntur og skordýr í leiðinni. Við höfum verið dugleg að týna og flokka rusl í kring um leikskólann í allan vetur. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Við þurfum að finna fleiri staði sem við getum notað í útinámi yfir veturinn, þar sem að skortur er á opnum og grænum svæðum í okkar nærumhverfi. Einnig varð lítið úr kennslu útileikja, en það er eitthvað sem við munum bæta úr í sumar og á næsta ári. Við þurfum að vera duglegri að finna verkefni sem má nota úti. Einnig var áhugi barnanna á útiveru ekki mikill þetta árið og því varð minna úr þessum þætti en lagt var upp með í byrjun. Þennan þátt munum við vinna áfram með næsta vetur.
Þróunarverkefnið Læsi	Matið fór fram á deildarfundum þar sem starfsmenn ræddu saman. Farið var yfir myndir og myndbönd frá vetrinum. Fylgst var með árangri, framförum og ánægju barnanna á námsþættinum.	Bæði starfsmenn deildarinnar og börnin.	<u>Styrkleikar:</u> Verkefnið gekk vel og var ein af aðaláherslum deildarinnar í allan vetur. Læsi hefur þó alltaf verið stór partur af starfi Hlíðarhvamms. Leikskólinn innleiddi verkefnið „Lubbi finnur málbein“ á þessu skólaári svo við unnum með það yfir veturinn. Vinnan fór hægt af stað en gekk þó mjög vel. Við sáum mikla aukningu í skilningi og áhuga barnanna á stöfum og hljóðum og erum við á góðri leið með þessa vinnu til þess að halda áfram næsta haust með skólahóp. Á deildinni var unnið með ljóðagerð, sögugerð, búa til frásagnir eftir ferðir, læra þulur og vísur, æfa stafi og hljóð, rímað, orð sett saman og tekin í sundur, atkvæði klöppuð og fleira. Í tengslum við Lubba tókum við fyrir einn staf/hljóð í einu, lærðum lögin og hreyfingarnar sem fylgdu og börnin bjuggu til stafa úr ýmsum efnivið. Við útbjuggum stafa poka með hlutum og myndum tengdum hverjum staf/hljóði sem börnin geta gripið í og mikið var unnið með. Einnig gerðum við „skólaverkefni“ yfir allan veturinn og æfðum okkur í að skrifa nafnið okkar. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Þróunarverkefnið gekk frábærlega í vetur, en auðvitað eru alltaf tækifæri til

			umbóta. Á næsta ári verður skólahópur á Hlíðarhvammi og því verður haldið áfram með þennan þátt, reynt að leita leiða til fjölbreyttari kennsluaðferða, lært í gegnum leiki og haldið áfram með Lubba.
--	--	--	--

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár, 2022 - 2023:

Þróunar- verkefni tengt heilbrigði	- Auka áhuga barna á heilbrigðum lífsstíl. - Kynna börnin fyrir fjölbreyttri hreyfingu. - Tengja heilbrigði við umhverfismál. - Stuðla að andlegri-, líkamlegri- og félagslegri vellíðan barnanna.	- Kynnast fjölbreyttri hreyfingu og heimsækja ýmis íþróttafélög. - Fræðast um hollt mataræði, svefn og hvíld. - Ræða um skjánotkun. - Fræðsla um tannheilsu	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir á deildinni taka þátt í framkvæmd.	Sept.2022	Vor 2023	- Viðtöl við börnin. - Myndir og myndbönd tekin til þess að fylgjast með þróun starfsins. - Um vorið verður tekið hreyfiproska-próf hjá börnunum.	- Aukinn áhugi barna á hreyfingu, náttúru, hvíld og mataræði. - Framfarir í hreyfigetu.
Aukin samvinna við foreldra	- Efla jákvæð samskipti við foreldra. - Foreldrar kalla eftir aukinni samvinnu eftir COVID og mikla fjarveru. - Leita eftir nýjum hugmyndum fyrir deildina. - Tengja foreldra betur við fjölmenningu á deildinni	- Finna leiðir til þess að bjóða foreldrum að taka þátt í vinnu deildarinnar - Skipuleggja hittinga og ferðir með foreldrum og börnum, innan og utan leikskólans - Bjóða foreldrum að taka þátt í starfi	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir á deildinni taka þátt í framkvæmd.	ágúst 2022	vor 2023	- Könnun fyrir foreldra. - Foreldrasamtöl. - Fylgjast með þátttöku foreldra í viðburðum og starfinu. - Taka eftir hugmyndum foreldra yfir veturinn.	- Aukin ánægja foreldra á starfinu. - Aukin meðvitund foreldra um leikskólastarfið. - Aukin ánægja barnanna með það að hafa foreldra með í starfi deildarinnar.

	og hvetja þá til þátttöku.	vetrarins og tengja þau inn í þær umræður og verkefni sem við vinnum með hverju sinni.					
--	----------------------------	--	--	--	--	--	--



3.2 Innra mat Merkisteinn

Merkisteinn er önnur yngri deild leikskólans og voru 18 börn þetta skólaár (2021-2022), 4 börn fædd 2018 og 14 börn fædd 2019. Þar sem aðeins þrjú börn voru eftir á deildinni og hin 15 komu ný inn, gekk aðlögunin frekar hægt. Einnig höfðu veikindi starfsmanna áhrif ásamt COVID og mikið um afleysingar starfsfólks. Því var þessi vetur afar óvenjulegur og fór hægt af stað.

Eins og undanfarin ár unnum við með „Stjörnu vikunnar“, dyggðardýrið Lukku sem tengist lífsleikni og sendum bók heim sem tengist læsisverkefni. Einnig fórum við reglulega á bókasafnið og í Fram salinn. Þennan vetur innleiddum við „Lubbi finnur málhljóð“ og unnum með málhljóðin. Sú vinna gekk mjög vel og sýndu börnin mikinn áhuga. Næsta ár munum við senda Lubba heim í stað Lukku (dyggðadýrs).

Málörvun er í öllu starfi okkar á deildinni, bæði í söng, leik og í daglegum athöfnum. Við hvetjum börnin til að segja okkur frá hvað þau voru að gera úti eða heima hjá sér og eflum þau í samræðum. Börnin hafa alltaf aðgang að bókum og geta beðið starfsmann um að lesa fyrir sig en auk þess er lestrarstund á hverjum degi.





Við hvetjum þau markvisst til sjálfstæðra vinnubragða, sem dæmi eru þau hvött til þess að klæða sig sjálf í og úr útifötum. Við leiðbeinum börnunum og ræðum við þau um lausnir í stað þess að taka fram fyrir hendurnar á þeim þegar þau segja „ég get ekki“.

Listrænt sjálfstæði	Starfið var metið með skráningum.	Starfsmenn og börn deildarinnar.	Styrkleikar: Allir starfsmenn voru meðvitaðir um að efla sjálfstæði barnanna í sköpun og leyfa þeim að stjórna ferðinni. Tækifæri til umbóta: Ekki náðist að skrá sköpunarferlið markvisst eða hvert listaverk.
Útikennsla	Starfið var metið með skráningum og samræðum við börnin.	Starfsmenn og börn deildarinnar.	Styrkleikar: Börnin urðu meðvitaðri um náttúruna, t.d. um snigla og hvernig er hægt að rækta blóm. Tækifæri til umbóta: Taka útikennsluna fastari tökum.

Listrænt sjálfstæði: Markvisst var unnið að því að efla börnin í sjálfstæðri vinnu og hugsun og auka sköpunargleði þeirra. Þau fengu stuðning við sína sköpun en réðu ferðinni alveg sjálf. Ef þau sögðust ekki geta gert eitthvað sem þau langaði að gera þá hvöttum við þau frekar áfram í stað þess að taka yfir þeirra vinnu.

Styrkleikar: Allir starfsmenn tóku virkan þátt í sköpunarvinnu með börnunum og voru meðvitaðir um það að börnin réðu ferðinni. Áhugi barnanna á sköpun hefur aukist og hafa þau oft frumkvæði að því að biðja um að fara í listaskála.

Tækifæri til umbóta: Gera skráningar um listaverkin sýnilegri fyrir börn og foreldra.

Útikennsla: Fórum hægt af stað í byrjun þar sem að við tókum inn mörg ný börn og var áherslan á að koma þeim í góða rútínu inni á deild. Eftir áramót fór útikennsla af stað með góðum árangri. Við tengdum þróunarverkefnið læsi við útikennsluna.

Styrkleikar: Börnin voru meðvitaðri um umhverfi sitt og sýndu mikinn áhuga.

Umbótaþættir fyrir skólaárið 2022-2023							
Þemavinna	Að virkja áhuga og þekkingu barna á þema hvers mánaðar. Inn í þemavinnuna munum við flétta þróunarverkefni skólans í → „Heilbrigð sál í hraustum líkama”.	Við ætlum að leggja viðfangsefnin inn en svo fer það eftir hugmyndaflugi og áhuga barnanna hvert verkefnið leiðir okkur.	Allir starfsmenn	Sept. '22	Maí '23	Við fylgjumst með áhuga barnanna og spyrjum þau opinna spurninga. Einnig munum við halda utan um skráningar á ferlinu.	Við munum byrja hvern mánuð á því að útbúa hugarkort um þema mánaðarins með hugmyndum og þekkingu barnanna á viðfangsefninu. Við munum svo endurtaka það í lok hvers mánaðar og getum þá séð hvernig hugmyndir hafa þróast og þekking aukist.
Skráningar	Auka skráningar og gera starfið sýnilegra fyrir foreldra jafnt og aðra starfsmenn skólans	Markvisst að grípa áhuga verðar stundir yfir daginn til skráningar Bæði með ljósmyndun, myndbandsupptökum og skriflega.	Allir starfsmenn	Sept '22	Júní '23	Við munum útbúa gátlista til að fylgjast með framgangi og vera viss um að gerðar verða skráningar um öll börn.	Foreldrar verða meðvitaðri um starfið. Foreldrar geta rætt meira um starfið við börnin og því verður opnari umræða um leikskólastarfið heima fyrir.

Tækifæri til umbóta: Útbúa skipulag yfir útikennsluna þar sem kemur fram að hverju er stefnt og hvert á að fara. Einnig væri gott að starfsmenn væru búnir að kanna umhverfið til að átta sig á hvert væri sniðugt að fara með börnin.

3.3 Innra mat Lækjarhvammur

Greinargerð deildarstjóra

Börn fædd 2018, 2019 og 2 börn 2020

Starfið á deildinni hefur tekið mið af aldri barnanna, mörg ung börn sem þurftu lengri aðlögun. Sum þeirra hafa eflaust ekki verið mikið í samskiptum við önnur börn vegna takmarkana af völdum COVID. Haustið hefur því farið rólega af stað, börnin fengið góðan tíma til að kynnast.

Í fjölmeningunni vinnum við með lönd allra barnanna á deildinni. Í vetur voru börn á deildinni frá 4 löndum og uppi á vegg eru löndin, myndir af börnunum, nöfn þeirra og nöfn landanna. Við skoðuðum myndir, fundum dýr frá hverju landi í dýrakassanum, skoðuðum löndin á upplýsta hnettinum okkar og límdu fána landanna inn í vegabréfin.

Börnin taka mikinn þátt í daglegum störfum á deildinni, velja sönglög, leikföng, eru veðurfræðingar, ná í matarvagn o.fl. Þróunarverkefnið okkar var „Læsi – lykill af heiminum“ og við innleiddum „Lubbi finnur málbein“. Börnin hafa verið fljót að læra lög sem fylgir hverju máhljóði og eru spennt að fara í Lubba-stund og skoða smáhlutina í pokunum sem fylgja hverju hljóði. Við erum ánægð með hvað foreldrar hafa verið áhugasamir um verkefnið. Þeir hafa verið duglegir að senda okkur nöfn bókana sem þau hafa lesið heima með börnunum. Veggurinn okkar með Lubba-beinunum er að fyllast sem er góður mælikvarði á hvað foreldrar og við erum dugleg að lesa með börnunum.

Við höfum fasta heimsóknartíma í bókasafnið yfir veturinn fyrir elstu börnin og þau fá þar að velja bækur sem við fáum að láni. Börnin fara heim með bók sem við veljum á haustin. Hún er tengd dygðunum sem við vinnum með. Foreldrar skrifa svo í stílabókina sem fylgir með, hvað börnin segja um söguna. Við tölum mikið við börnin og setjum orð á alla hluti og athafnir, syngjum mikið. Ritmálið er sýnilegt, stafrófið og tölustafirnar og skúffur barnanna eru merktar með myndum af þeim og nöfnum.

Við erum vináttuleikskóli, vinnum með bangsann Blæ og vini hans. Börnin læra um vináttu, umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og að lesa í tilfinningar annarra. Börnin eru hvött til að tjá líðan sína og tilfinningar. „Stjarna vikunnar“ kemur með myndir og dót að heiman og segir okkur frá. Í lífsleikninni vinnum við með dygðir, 2 á hverri önn. Við veljum sönglög og bækur þar sem dygðirnar flettast inn í. Ljúfur api, dygðadýr deildarinnar, fer til skiptis heim í helgarfrí með börnunum og foreldrar skrá niður það sem þau gerðu saman. Við höfum aðgang að íþróttasal Fram og þangað förum við 1 sinni í viku með elstu börn og gerum æfingar og leikum okkur.

Hópastarfið hófst eftir áramótin. Yngstu börnin fara í könnunarleik í hópastarfinu, efniviðurinn í leiknum er ekki leikföng í eiginlegum skilningi, heldur verðlaust efni. Þau fá hreyfistundir í salnum. Fínhreyfingar æfum við reglulega, perlum, klippum og púslum. Við notum ljósaborðið í hópastarfinu, förum í Blæ-stundir, einingakubbar, Lubba-stundir, spilum og m.fl.

Börnin hafa mikinn áhuga á ræktun og í lok apríl settu þau mold í mjólkurfernur og basiliku-fræ og bíða spennt eftir uppskerunni. Við höfum verið dugleg að hengja upp í forstofunni myndir frá starfinu.

Innra mat

Læsi þróunarverkefni. Innleiðing Lubba og læra vísur. Gera hlutverk veðurfræðings myndrænt.	Í samveru- stundum og Lubbastundum Í foreldra- samtölum í mars-apríl.	Starfsmenn, börn og foreldrar	Styrkleikar: Gekk mjög vel að innleiða Lubba og börn og foreldrar áhugasöm og ánægð. Börnin farin að þekkja máhljóðin og stafina sem við höfum lagt inn. Tækifæri til umbóta: Spila oftár lögin um máhljóðin og ræða þau þó við séum ekki í sérstökum Lubba-stundum. Erum ekki búin að uppfæra hlutverk veðurfræðings, þurfum að gefa okkur tíma í það.
Samvinna milli deilda fór ekki af stað vegna takmarkana vegna COVID og máttum við ekki blanda börnum og starfsfólki saman milli deilda.			
Sjálfbærni – umhverfismennt Börnin hafa verið að æfa sig að þekkja muninn á plasti og pappír. Áhersla lögð á að láta vatnið ekki renna á meðan hendur er sápaðar. Bendum á að við slökkvum ljósin á deildinni þegar við erum ekki þar.	Í samverustund og inn á baðherbergi. Við fórum í grenndargámanna og þau settu plast og pappír í viðeigandi gáma.	Starfsmenn og börn	Styrkleikar: Börnin eru meðvitaðri um flokkun og eru farin að læra mun á plasti og pappír. Þau eru áhugasöm og fljót að tileinka sér hana. Tækifæri til umbóta: Þurfum að tala meira um matarsóun og fylgjast með vatnsnotkun á baðherberginu.

Umbótaráætlun

Heilbrigð sál í hraustum líkama - þróunarverkefni	Að börnin skilji mikilvægi þess að borða hollan mat og hreyfa sig reglulega	Kynna fyrir þeim fæðuhringinn og hafa hann myndrænan. Hreyfing alla daga og skipulagðar jógaundir.	Allir starfsmenn.	Okt. 2022	Maí 2023	Samræður við börnin um mun á hollu og óhollu fæði. Fylgjast með í jóga tímum og skrá hvort börnin hafi náð tökum á jóga stöðum og tileinkað sér slökun.	Að börnin þekki mun á hollum og óhollum mat og þekki jóga-stöður.
Líkaminn	Að börnin þekki líkamann og geti nefnt líkams-hlutana.	Hafa veggspjald af líkamannum upp á vegg.	Allir starfsmenn.	Okt. 2022	Maí 2023	Að spyrja börnin. Spyrja foreldra í foreldra-samtölum.	Að börnin geti bent á helstu líkams-parta.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkenntu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	20 börn þurftu á einhvers konar íhlutun að halda veturinn 2021-2022, vegna seinkunar á málþroska, hegðunarörðugleika eða gruns um almennan seinþroska eða röskunar á einhverfurófi. Sótt var um úthlutun fjármagns fyrir alls sjö börn á skólaárinu. Tvö barnanna hafa verið í einstaklingsþjálfun auk þess að fá félagsþjálfun í litlum hópi eða inni á deildinni með öllum hópnum. Hin hafa fengið þjálfun í litlum hópi sem samanstendur af 3-4 börnum sem hafa haft gagn af sömu þjálfun og stuðningsbörnin. Tveir starfsmenn að meðaltali hafa sinnt sérkennslu ásamt sérkennslustjóra.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Ef grunur vaknar um einhvers konar málþroskaröskun hjá barni er staða barnsins ávallt metin með TRAS ásamt EFI-2 ef barn hefur náð viðeigandi aldri. Íslenski málhljóðamælinn er einnig notaður. Almennur þroski er metinn með AEPS ef grunur um einhvers konar þroskafrávik vaknar. HjóM-2 er lagt fyrir öll börn á síðasta ári í leikskóla.

Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Notast hefur verið við ýmist námsefni frá Super duper publication, Bits board, My first app, æfingablöð frá talmeinafræðingum, ABA materials myndir og ýmist heimatilbúið námsefni sem hugmyndir að hafa verið sóttar á veraldarvefinn.
---	---

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

	Betri flokkun og aðgengi að kennslu-efni. Æskilegt væri að hafa lokaða skápa í sérkenns luherbergi.	Kaupa hillur sem setja má á króka. Flokka myndefn i í plastvasa merkja og hengja upp. Finna þarf góðan og aðgengi- legan stað fyrir hillurnar.	Leikskóla stjórnendur og sérennslustjóri	júní 2022	Október 2022		Að hillur séu komnar upp og sýnilegar og kennslu-efnið sé komið í þær.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Leikskólakennari sem einnig hefur verið með sérkennslubörn í stuðning hefur séð um kennslu tvítyngdra barna þar sem þeim er getuskipt í litla hópa.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Gefðu 10 hefur verið notað en ekki nægilega markvisst. Í vinnustundum/tvítyngishópum eru lesnar einfaldar bækur og rætt um þær, leikið með orð úr grunnorðaforða með því að klappa atkvæði, fara í samstæðuspil og fl.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Leitast er við að dýpka orðaforða barnanna til dæmis þegar unnið er með sagnaspjöld. Barnið nefnir sögnina og kennari bætir við. D: Barnið dregur mynd af sögninni borða, segir borða og kennari segir já, hann/hún/þau er að borða brauð með osti.

Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Einstaklingsáætlanir hafa verið gerðar ef grunur hefur vaknað um tungumálaerfiðleika. EFI-2 hefur þá verið notað til þess að fá mynd af erfiðleikum barnsins, þótt það próf sé staðlað fyrir íslensk börn, ef barn hefur náð réttum aldri. Proskastaða barnanna er svo metin með AEPS og einstaklingsáætlun gerð í kjölfarið út frá þeim lista.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Reynt er að huga að öllum þáttum tungumálsins í vinnu deildanna. Til dæmis er unnið með orð sem tengjast tilfinningum, styrkleikum og löngunum í Blæ verkefninu. Stuðst er við myndrænt skipulag til þess auka skilning og efla tvítyngd börn og börn með málþroska frávik.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

	Innleiða þarf fleiri matstæki T. d. dagbók fyrir símat á málþroska barns, dagbók. Nota gefðu 10 á markvissari hátt.		Sérkenns slustjóri og aðstoðar leikskóla sjóri	Júní 2022	Okt 2022	Skoða matstækin.	Að fyllt hafi verið út í matsblöð og skráninga rblöð.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

6.1 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru tekin við starfsmenn í vor. Leik- og aðstoðarleikskólastjóri settust niður með hverjum starfsmanni fyrir sig og höfðu starfsmenn fengið nokkrar spurningar til umhugsunar sem ræddar voru í samtölunum. Áherslur í þeim voru, samskipti, líðan í starfi, starfsaðstæður, starfsþróun og hvað má betur fara. Niðurstaða starfsþróunarsamtala bendir til að almennt sé finni andi í leikskólanum og samskipti góð og starfsmenn geta talað saman ef eitthvað kemur upp á. Skýrt kom fram í samtölunum að starfsmenn eru ánægðir með að hólfskipting heyrir sögunni til og samvinna á milli deilda og kjarna sé að komast í eðlilegt horf aftur. Foreldrasamvinna hafi aukist. Líðan starfsmanna er góð og gott að koma í vinnuna. Upplýsingaflæði væri gott og samvinna á deildum góð. Starfsaðstæður og aðbúnaður væri til fyrirmyndar og starfsmenn hafa aðgang að því sem þeir þurfa. Flestir höfðu náð þeim markmiðum sem þeir settu í sér í upphafi skólaársins.

Á einni deildinni voru aðstæður erfiðar framan af vetri, barnahópurinn var þannig samansettur, en það var vilji til að takast á við þetta og fannst starfsmönnum að hugarfarsbreyting hefði orðið eftir áramót og þá hefði einnig aðgerðir farið að skila árangri.

6.2 Námskeið og fyrirlestrar skólaárið 2021-2022

- Vorráðstefna GRR. Sérkennslustjóri.
- Málþing samráðshóps um forvarnir. Sérkennslustjóri.
- Sálræn áföll námskeið. Sérkennslustjóri.
- 11th conference on child abuse and neglect . Sérkennslustjóri.
- Ofbeldi snertir allt samfélagið. Sérkennslustjóri.
- Málþroski ungra barna - snemmtæk íhlutun. Sérkennslustjóri.
- Svefn, Matthew Walker. Sérkennslustjóri.
- Allur regnboginn í leik- og grunnskóla. Sérkennslustjóri.
- Örnámskeið og fyrirlestrar á Samfélagi sérkennslustjóra. Einu sinni í mánuði. Sérkennslustjóri.
- Trúnaðarmannanámskeið hjá KÍ. Einn kennari.
- Leikur barna. Fyrirlestur á starfsdegi. Allir starfsmenn.
- Allir tilfinningar hafa rétt á sér. Fyrirlestur á starfsdegi. Allir starfsmenn.
- Meistaránám á leikskólastigi. Einn kennari.
- Diplómunám í faggreinakennslu í stærðfræði. Einn kennari.
- Nordisk förskola, ráðstefna. Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.
- Leiðtogi framtíðarinnar. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Hvernig gengur? – Innra mat í leikskóla. Fyrri hluti. Deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.
- Barna jóga. Einn kennari.
- Pecs námskeið. Sérkennari.
- Fjölmennningar námskeið hjá MMM. Einn kennari.
- Námskeiðsdagur leikskólastjóra.

6.3 Starfsþróun 2022-2023

Í starfsþróunarsamtölunum kom fram hvað starfsmenn vilja fá af námskeiðum, t.d. ADHD námskeið og skyndihjálþ. Þar sem þróunarverkefni okkar í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar er áhugi að fá inn námskeið/fyrirlestur um hreyfingu og heilbrigði.

- ADHD námskeið.
- Seinni hluti „Hvernig gengur?“ - Innra mat í leikskóla.
- Skyndihjálþarnámskeið.
- Fyrirlestur frá MML.
- Námsferð starfsmanna.
- Meistaránám í leikskólafræðum einn kennari.
- Fyrirlestur/námskeið í heilbrigði.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Góð samvinna er á milli skólastiganna og hefur hún eflst ár frá ári og orðin fastur liður í starfi skólans. Endurmat fór fram í vor. Við gerð starfsáætlunar vetrarins milli skólastiga var notast við áætlun síðasta árs. Aðstoðarskólastjóri Álftamýrarskóla og deildarstjóri á elstu deild funduðu í síma í ágúst.

1. heimsókn varð ekki fyrr en í janúar, vegna COVID takmarkana. Í þeirri heimsókn fóru börnin í val. Íþróttatími á unglinga stigi féll niður ásamt fundi með foreldrum. Í næstu heimsóknum skoðuðu börnin skólann og skólalóðina og voru í mat. Samstarfsverkefni eru ekki á dagskrá. Dagskrá næsta

skólaárs verður unnin í haust, en verður með svipuðu sniði og verið hefur. Undanfarið 2 ár hafa verið miklar takmarkanir og hefur verið stuðst við áætlun frá 2019 – 2020.

8 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði eru þrír fulltrúar. Þeir eru kosnir á foreldrafundi að hausti. Leikskólastjóri hefur verið í tölvupóstsamskiptum við fulltrúana og einn fundur fór fram á Teams á haustdögum. Foreldraráðið fær starfsáætlun og skólanámskrá leikskólans til yfirlstrar og gefur umsögn. Einnig koma þau að ákvarðanatöku um sumarlokun og að fagstarfi leikskólans.

Á hverju ári eru í boði tvö foreldrasamtöl í október og febrúar/mars. Í samtölunum er farið yfir alhliða þroska og líðan barnsins, ásamt að skiptast á upplýsingum um barnið. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir í samtal áður en vistun hefst, án barns, í maí/júní. Boðið er upp á fleiri samtöl ef foreldrar óska þess.

Átta foreldrar sitja í stjórn foreldrafélagsins ásamt fulltrúa starfsmanna. Stjórnin sér um ýmsar uppákomur svo sem sumarhátíð, jólaball, leiksýningar og fleira. Stjórnarfundir eru 5 til 6 á ári.

Foreldrafundur var í október. Að þessu sinni var hann inni á hverri deild fyrir sig. Leik- og aðstoðarleikskólastjóri fóru á milli deilda og kynntu áherslur leikskólans, síðan kynntu starfsmenn deilda vetrarstarfið og foreldrum var gefinn kostur á að ræða um leikskólastarfið eða annað sem þeim lá á hjarta.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Næstkomandi skólaár eru fjórir skipulagsdagar að höfðu samráði við Háaleitisskóla. Dagarnir eru eftirfarandi: 23. september, 30. janúar, 21. apríl og 19. maí. Aðrir starfsdagar verða 24. nóvember og 19. maí.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Anna Hjördís Ágústsdóttir

24. júní 2022

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022 – 2023
Álftaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

María Rós Arngrímsdóttir
Silja Rán Guðmundsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð er mjög ánægt með hið metnaðarfulla starf, sem er unnið í leikskólanum Álftaborg. Covid19 setti sinn svip á starfið eins og síðastliðin ár og viljum við þakka starfsfólki leikskólans fyrir vel unnin störf á þessum tímum og í leiðinni lýsa ánægju og spennu foreldra að fá loksins að taka meiri þátt og koma meira inná leikskólann. Það er dásamlegt fyrir foreldra að fá að taka meiri þátt í frábæra starfinu sem verið er að vinna á leikskólanum. Enn og aftur hefur það sannast að leikskólinn hefur yfir að ráða mjög góðu, samviskusömu og hæfu starfsfólki sem vinnur verk sín vel og sýnir það sig í vellíðan barnanna í leikskólanum.

Starfsáætlun Álftaborgar 2022-2023 er metnaðarfull og nær yfir fjölbreytta og marga þætti.

Læsisverkefnið „Bókaormurinn“ er aftur kominn af stað eftir fjarveru vegna Covid19 síðastliðin ár og ótrúlega flott vinna sem unnin er með börnunum í tengslum við sögurnar og gaman fyrir foreldra að fá bækurnar heim og vera hluti af þeirri vinnu. Mikil ánægja er með „Lubbi finnur málbein“ bæði hjá foreldrum og börnum. Þar sem Lubbi býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku mállhljóðin.

Í lífsleikni var unnið markvisst með kurteisi, hjálpsemi, þolinmæði og hófsemi sem hefur góð áhrif á samskipti barnanna og myndar mikilvægan grunn fyrir almenn samskipti. Í fjölmenningu var unnið með þjóðlönd þeirra barna sem eru í leikskólanum. Hver deild vinnur með þau þjóðerni sem eru á þeirra deild. Leikskólinn leggur áherslu á mikilvægi lesturs, til dæmis með ferðum á bókasöfn, bókaorminum og með lestri fyrir börnin í samverustundum.

Mikil ánægja er hjá foreldraráðinu með vinnu vinaverkefnisins Barnaheilla og frábært hvernig það var tengt við bókaorminn. Mikil og góð áhersla lögð á umhverfismennt og flott markmið sem unnið var með „hvað verður um það sem við flokkum“ þar sem mikil vitundavakning hefur orðið hjá börnunum.

Foreldraráð er ánægt með að sjá námskeið sem styðja við starfsfólk í undirbúningi sem sinnir hópastarfi. Til dæmis námskeið þar sem notaðar eru aðferðir tónlistar og leiklistar til að efla hreyfingu og málþroska, námskeið til að efla útikennslu og vísindastarf. Við sjáum að mikið starf er hvað varðar danskennslu, leiklist, og jóga. Við erum virkilega ánægð að sjá að meiri áhersla verði lögð á ferlið í listsköpun og að starfsmenn vilji hjálpa þeim að læra að njóta í því ferli.

Foreldraráð er mjög ánægt með að sjá áfram aukna hvatningu til listsköpunar og yndislegt hvernig mannauður leikskólans fær tækifæri til að nýta sína þekkingu inn í starfið.

Varðandi verkefni þar sem skólinn og heimili vinna saman þá er deildarbangsaverkefnið þar sem bangsar fara með börnunum heim yfir helgi alltaf jafn vinsælt. Það vekur alltaf gleði barnanna og með bangsanum fylgir ábyrgðarhlutverk sem börnin taka alvarlega.

Upplýsingagjöf til foreldra er mjög góð en hún fer fram í gegnum vikulega pósta þar sem farið er yfir starf vikunnar, tilfallandi póstsendingar og samtöl við starfsmenn, bæði formleg og óformleg.

Skólinn hefur einnig farsíma inn á deildum skólans sem starfsmenn deildanna hafa verið duglegir að koma skilaboðum til foreldra og senda myndir af börnunum, foreldraráð er mjög ánægt með að foreldrar fái þessa tengingu við starfsmenn deildanna og einstaka myndir af börnunum sínum auk skilaboða.

Foreldraráðið fékk smá kynningu á kerfi sem heitir VALA árið 2018 og foreldraráð hafði væntingar um að kerfið myndi taka við hlutverki sem facebook hafði áður. Foreldraráð kallar eftir úrbótum í þessum efnum hvernig sem það verður gert. Starfsfólk leikskólans er öflugt við að finna spennandi verkefni bæði úti og inni og fara í vettfangsferðir sem gott væri fyrir foreldra að fá að fylgjast með. Einnig skapa myndirnar og myndböndin góðan vettvang fyrir samtöl milli foreldra og barna um daginn og líðan, sem eflir bæði málþroska og tengingu milli skóla og heimilis. Auk þess væri hægt að nota

forritið til að merkja t.d. hvernig börn borða eða sofa yfir daginn og sleppa þannig við að fylla út þessar upplýsingar á sérstaka töflu.

Að lokum vill foreldraráð þakka fyrir skýra og góða starfs- og umbótaáætlun fyrir komandi vetur.

Með þökkum fyrir líðandi starfsár, bestu kveðjur,
Foreldraráð Álftaborgar júní 2022.

María Rós Arngrímsdóttir

Silja Rán Guðmundsdóttir

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Leikskólinn Álftaborg

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Friðdagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ		1 F	Fúlveldisdagurinn	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M		1 L		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 F	Útskrift elstu barnanna	1 L	
2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F	Jólaheiti	2 M		2 F		2 F		2 S	Pálmasunnudagur	2 Þ		2 F		2 S	
3 M		3 L		3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 F		3 M		3 M		3 L		3 M	
4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Sjömannadagurinn	4 Þ	
5 F		5 M		5 M		5 L		5 M	Aðventustund	5 F		5 S		5 S		5 M		5 F		5 M		5 M	
6 L		6 Þ		6 F	Foreldrafundur	6 S		6 Þ		6 F	Foreldrakaffi	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Hliðahvammur/foreldrasam	6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ		6 F	
7 S		7 M		7 F		7 M		7 M		7 L		7 Þ		7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M		7 F	
8 M		8 F		8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelti	8 F		8 S		8 M		8 M		8 L		8 M		8 F		8 L	
9 Þ	opnum eftir sumarfrí	9 F		9 S		9 M		9 F		9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F	Sumarháð leikskólans	9 S	
10 M		10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F	Föstudagsfjör	10 M	Annar í páskum	10 M		10 L		10 M	Sumarfrí leikskólans 2023
11 F		11 S		11 Þ		11 F	Föstudagsfjör	11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknaðans	11 L		11 Þ		11 F	Opjö Hús	11 S		11 Þ	
12 F		12 M		12 M		12 L		12 M	Aðventustund	12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M		12 M	
13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 M		13 M	Merkitseinn foreldrasamtöl	13 F		13 L		13 Þ		13 F	
14 S		14 M		14 F	Blökudagur	14 M		14 M		14 L		14 Þ		14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 F	
15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	Hátiðarmatur/jólaball	15 S		15 M	Ömmu og afa kaffi	15 M		15 L		15 M		15 F		15 L	
16 Þ		16 F		16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ		16 F	Þjóðhátíðarfjör	16 S	
17 M		17 L		17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 F		17 M		17 M	Skipulagsdagur	17 L	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppstigningardagur	18 S		18 Þ	
19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	Aðventustund	19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M	Blómaball	19 F	Skipulagsdagur	19 M		19 M	
20 L		20 Þ		20 F		20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Bóndadagur	20 M	Bolludagur	20 M	Lækjarhvammur foreldrasam	20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ		20 F	
21 S		21 M		21 F	Föstudagsfjör	21 M		21 M		21 L		21 Þ	Sprengidagur	21 Þ		21 F	Skipulagsdagur	21 S		21 M		21 F	
22 M		22 F		22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ		22 F		22 S		22 M	Óskudagur	22 M		22 L		22 M		22 F		22 L	
23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S		23 M		23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	
24 M		24 L		24 M		24 F		24 L	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F		24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	
25 F		25 S		25 Þ		25 F		25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ		25 F	Útskriftarferð elstu barna	25 S		25 Þ	
26 F		26 M		26 M		26 L		26 M	Annar í jólum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M		26 M	
27 L		27 Þ		27 F	Bangsadagur	27 S		27 Þ		27 F	Föstudagsfjör	27 M	Seljal/foreldrasamtöl	27 M		27 F		27 L		27 Þ		27 F	
28 S		28 M		28 F		28 M		28 M		28 L		28 Þ		28 Þ		28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M		28 F	
29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 F		29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnu	29 F		29 L	
30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F		30 M	Skipulagsdagur			30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S	
31 M				31 M				31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F	Páskakasprell			31 M				31 M	